

Skútustaðahreppur  
Atli Steinn Sveinbjörnsson  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Reykjavík, 14. júní 2021  
UST202106-169/A.B.  
10.04.03


### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Björk í Mývatnssveit - Skútustaðahreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 14. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Björk í Mývatnssveit í Skútustaðahreppi.

Í greinargerð kemur fram að unnið var deiliskipulag fyrir svæðið árið 2009, en öðlaðist ekki gildi og því áformað að vinna nýtt deiliskipulag. Einnig kemur fram að skipulagssvæði nýs deiliskipulags verður nokkuð stærra en í deiliskipulaginu frá 2009, eða 4,24 ha, og mun ná utan um tengdar byggingar og íbúðarhús auk tjaldsvæðis. Auk þess kemur fram að gert er ráð fyrir nýju íbúðarhúsi vestan vegar og nýjum ferðapjónustubyggingum í stað annarra sem víkja austan vegar. Samtals eru þrír byggingarreitir og fleiri en ein bygging getur verið innan hvers byggingarreits.


#### **Mývatn**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram að hluti skipulagssvæðisins er verndað samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Nánar er mælt fyrir um verndun Mývatns og Laxár í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Auk þess bendir Umhverfisstofnunun á mikilvægi þess að tillagan taki tillit til ofangreindrar laga og reglugerðar og mörk verndarsvæðis séu sýnd á uppdrætti tillögunnar.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson  
sérfræðingur